

1994 nr. 21 21. febrúar

Lög um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið

Tóku gildi 11. apríl 1994. EES-samningurinn. Breytt með: L. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008). L. 117/2016 (tóku gildi 1. jan. 2018, nema 52., 53., 75., 76. og 79.–81. gr. sem tóku gildi 28. okt. 2016).

■ 1. gr.

□ Nú er mál rekið fyrir héraðsdómstóli þar sem þarf að taka afstöðu til skýringar á samningi um Evrópska efnahagssvæðið, bókunum með honum, viðaukum við hann eða gerðum sem í viðaukunum er getið og getur þá dómari í samræmi við 34. gr. samnings EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls kveðið upp úrskurð um að leitað verði ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um skýringu á því atriði málsins áður en málinu er ráðið til lykta.

□ Hvort sem aðili máls krefst að álits verði leitað skv. 1. mgr. eða dómari telur þess þörf án kröfu skal dómari gefa aðilum kost á að tjá sig áður en úrskurður verður kveðinn upp.

□ Kæra má úrskurð héraðsdómara skv. 1. mgr. til [Landsréttar]¹⁾ eftir almennum reglum laga um meðferð einkamála eða meðferð [sakamála]²⁾ eftir því sem á við. Kæra frestar frekari aðgerðum samkvæmt úrskurðinum. [Aðrir úrskurðir Landsréttar en mælt er fyrir um í 1. mgr. 167. gr. laga um meðferð einkamála verða ekki kærðir til Hæstaréttar.]¹⁾

¹⁾ L. 117/2016, 45. gr. ²⁾ L. 88/2008, 234. gr.

■ 2. gr.

□ Með sama hætti og segir í 1. og 2. mgr. 1. gr. getur Félags-

dómur leitað álits EFTA-dómstólsins um atriði mála sem eru rekin þar. Úrskurður þess efnis verður ekki kærður til [æðri dóm].¹⁾

¹⁾ L. 117/2016, 46. gr.

■ 3. gr.

□ [Landsréttur og Hæstiréttur geta jafnan kveðið upp úrskurði, eins og lýst er í 1. og 2. mgr. 1. gr., í máli sem fyrir þeim er rekið.]¹⁾

¹⁾ L. 117/2016, 47. gr.

■ 4. gr.

□ Hafi dómstóll ákveðið að leita álits EFTA-dómstólsins er rétt að veita málsaðila, sem hefur ekki krafist að álitsins verði aflað, gjafsókn vegna þess þáttar málsins. Um skilyrði fyrir gjafsókn í slíku tilviki gilda almennar reglur, enda hafi EFTA-dómstóllinn ekki veitt málsaðilanum gjafsókn eftir starfsreglum sínum.

□ Sé gjafsókn veitt skv. 1. mgr. á gjafsóknarhafi rétt á að fá útlagðan kostnað af rekstri málsins fyrir EFTA-dómstólnum endurgreiddan þótt því sé ekki lokið fyrir dómstólum hér á landi. Þetta gildir þó ekki um þóknun umboðsmanns hans fyrir flutning máls fyrir EFTA-dómstólnum, en fjárhæð hennar verður ákveðin í dómi í aðalmálinu eftir almennum reglum.

□ Ef gagnaðili verður dæmdur til að greiða gjafsóknarhafa málskostnað í aðalmálinu er dómara heimilt við ákvörðun málskostnaðar að horfa fram hjá kostnaði gjafsóknarhafans af öflun álits EFTA-dómstólsins, þannig að hann falli á ríkissjóð. Þetta skal þó að öðru jöfnu ekki gert er gagnaðillinn hefur sjálfur átt frumkvæði að því að álitsins yrði aflað.

■ 5. gr.

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.